



## Gjaldskrá

### Akstursþjónusta aldraðra og fatlaðs fólks

#### 1. gr.

##### Gildissvið

Með vísan til X kafla og 3. mgr. 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Notendur greiða fyrir aksturþjónustu sem veitt er á vegum stuðnings- og virkniþjónustu velferðarsviðs Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Nánar er fjallað um aksturþjónustu um í reglum sem sveitarfélagið hefur sett sér um aksturþjónustu aldraðra og aksturþjónustu fatlaðs fólks.

#### 2. gr.

##### Svæðisskipting þjónustusvæðis

Við ákvörðun upphæðar gjalds fyrir aksturþjónustu er horft til gjaldskrár Strætó BS innan sveitarfélagsins. Sveitarfélaginu er skipt upp í 8 gjaldsvæði með eftirfarandi hætti.

Svæðisskipting		
1	0-2 km.	Höfn - Innanbæjar
2	2-20 km.	Hafnarnes - Hoffell
3	21-40 km.	Viðborðssel - Flatey
4	41-60 km.	Skálafell - Kálfafell
5	61-80 km.	Hali - Jökulsárlón
6	81-100 km.	Ekkert lögbýli
7	101-120 km.	Hnappavellir - Hof
8	121-140 km.	Sandfell - Skaftafell

#### 3. gr.

##### Fjárhæð gjalds

Upphæð fargjalds fer annarsvegar eftir akstri innan gjaldsvæði í samræmi við 2. gr. í gjaldskrá þessari, og hins vegar eftir flokkun aksturþjónustu. Ástæður aksturþjónustu er skipt upp í 3 flokka sem eru eftirfarandi

1. Aksturþjónusta í dagdvöl aldraðra í Ekru eða dagþjónustu fatlaðs fólks í Miðgarði
  - a. Akstur í dagvist aldraða og dagþjónustu fatlaðs fólks er gjaldfrjálst
2. Aksturþjónusta í nauðsynlega þjónustu. Nauðsynleg þjónusta er t.d. á Heilsugæslu HSu á Höfn, til sjúkrahjálfa, tannlæknis, í banka, í matvöruverslun eða í hárgreiðslu.
  - a. Akstur í nauðsynlega þjónustu miðast við hálf tölur gjaldskrár Strætó BS á svæðinu.
3. Önnur aksturþjónusta
  - a. Akstur vegna erinda sem ekki flokkast til nauðsynlegrar þjónustu nýtur ekki forgangs við veitingu þjónustu. Fyrir hann er rukkað fullt gjald skv. gjaldskrá strætó BS á svæðinu.

Í gjaldskrá er ferð skilgreind sem ferð frá dvalarstað til áfangastaðar (A-B). Gjaldskrá aksturþjónustu er eftirfarandi:



<b>Gjaldskrá akstursþjónustu</b>				
<b>Svæði</b>	<b>Skilgreining</b>	<b>Miðgarður / Ekran</b>	<b>Önnur nauðsynleg þjónusta</b>	<b>Annar Akstur</b>
<b>1</b>	Höfn -Innanbæjar	- kr.	150 kr.	300 kr.
<b>2</b>	2-20 km	- kr.	300 kr.	600 kr.
<b>3</b>	21-40 km	- kr.	450 kr.	900 kr.
<b>4</b>	41-60 km	- kr.	600 kr.	1.200 kr.
<b>5</b>	61-80 km	- kr.	750 kr.	1.500 kr.
<b>6</b>	81-100 km	- kr.	950 kr.	1.900 kr.
<b>7</b>	101-120 km	- kr.	1.100 kr.	2.200 kr.
<b>8</b>	121-140 km	- kr.	1.250 kr.	2.500 kr.

#### **4. gr.**

##### *Aðrir farþegar/aðstoðarmenn*

Notendum er heimilt að hafa með sér annan farþega sé það tekið fram þegar pantað er og greiðir notandinn þá sama verð fyrir hann. Börn undir sex ára aldri í fylgd með fötluðum foreldrum greiða ekkert gjald.

Geti notandi ekki ferðast einn að mati matsnefndar þjónustunnar heim er hægt að krefjast þess að aðstoðarmaður fylgi notanda. Fyrir aðstoðarmann er ekki greitt fargjald.

#### **5. gr.**

##### *Gjaldskylda ónýttar þjónustu*

Greiða skal fyrir pantaðar ferðir þegar forföll hafa ekki verið tilkynnt.

Afpanta skal ferð með a.m.k. 2 klst. fyrirvara, að öðrum kosti telst ferðin með í uppgjöri.

Mæti notandi ekki á upphafsstað ferðar á tilsettum tíma telst ferðin einnig með í uppgjöri.

#### **6. gr.**

##### *Innheimta gjalds*

Gjaldið er innheimt með greiðsluseðli um hver mánaðarmót. Allar ferðir umfram úthlutaðar ferðir eru greiddar að fullu af notanda.

#### **7. gr.**

##### *Gildistaka*

Gjaldskrá þessi tekur þegar gildi.